



Fundargerð

**52. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Þriðjudaginn 28. apríl 2026, kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Reynir Örn Pálmason, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir, Valtýr Valtýsson og Guðmundur Einarsson.

Fundargerð ritaði: Guðmundur Einarsson, skrifstofustjóri.

1. Ársreikningur Ásahrepps 2025, framlagning til fyrri umræðu - 2604013

Á fundinn mætir Friðrik Einarsson, endurskoðandi KPMG, vegna framlagningar ársreiknings Ásahrepps 2025. Friðrik ásamt Valtý sveitarstjóra fara yfir ársreikninginn og skýra ýmsa liði. Ársreikningur er þó háður þeim annmörkum að ekki hefur enn verið lokið ársreikningum sumra byggðasamalaga sem er miður. Hreppsnefnd Ásahrepps leggur áherslu á að nauðsynlegt er fyrir stjórnir og stjórnendur byggðasamalaga að flýta gerð ársreikninga svo hægt verði að leggja fram ársreikninga sveitarfélaga í góðum tíma án tímalegrar pressu. Ársreikningar sveitarfélaga á að hafa verið lokið með tveimur umræðum fyrir 15. maí ár hvert og er því óásættanlegt að ekki sé verið að ljúka afgreiðslu ársreikninga byggðasamalaga fyrr en undir lok apríl mánaðar. Hér þarf að gera bragarbót á og ljúka afgreiðslu ársreikninga byggðasamalaga mun fyrr en raunin hefur sýnt.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar ársreikningi Ásahrepps 2025 til annarrar og lokaumræðu til næsta fundar sem haldinn verður þriðjudaginn 5. maí 2026 klukkan 8:15.

Fundi slitið kl. 08:50.

Ísleifur Jónasson

Reynir Örn Pálmason

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson

Guðmundur Einarsson

Guðmundur Einarsson